

Greinakall: EUROCALL-ráðstefna 16.–19. ágúst 2022

Þema ráðstefnunnar er *tölvustutt tungumálanám byggt á gervigreind: gagnagreiningarkerfi og notendagögn*. Hún er haldin í samstarfi Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum.

Skilafrestur útdrátta er 15. febrúar 2022.

Með því að tvinna saman tungumálanám og gervigreind hefur skapast ný gerð tölvustudds tungumálanáms: tungumálanám með notkun gervigreindar (e. *intelligent CALL*). Í því felast ýmis tæki eins og talgreining og umritun hljóðs í texta (e. *text-to-speech*) sem veita nemendum sjálfvirka endurgjöf. Tækin læra á hegðun og mistök nemenda en með hjálp þeirra skapast „vélrænt nám“. Þannig er nemendum gert kleift að takast á við námið á árangursríkan hátt með tæknilegri aðstoð. Í þessu sambandi er gjarnan vísað í hagræðingarferli (e. *optimisation process*) í tölvustuddu tungumálanámi. Kerfin sem safna margvíslegum upplýsingum um þróun og framvindu námsins auk námshegðunar nemenda kallast gagnagreiningarkerfi (e. *granular systems*) og nákvæm greining kallast þá gagnagreining (e. *granulation*). Slík gagnagreiningarkerfi hafa komið að góðum notum t.d. í prófkerfum og kerfum sem styðja við tölvustutt tungumálanám á netinu. Gagnagreining nýtist þá jafnt til að greina notendagögn og spá fyrir um námsframvindu hjá einstaka nemanda (e. *microscopic view*) og hjá öllum nemendum sem eru í kerfinu (e. *macroscopic view*). Þannig gerir hún rannsakendum kleift að fylgjast með hegðun nemenda í smáatriðum en einnig til að greina heildarnámsmynstur og verkefnavinnu nemenda í víðara samhengi.

Þema ráðstefnunnar tengist rannsóknarsviðum ofangreindra stofnana en þó sérstaklega Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum þar sem námshegðun, brottfall og hvati til náms hafa verið sérstaklega til skoðunar í vefnámskeiðunum Icelandic Online.

Þemu ráðstefnunnar eru eftirfarandi en fleiri þemu sem tengjast tölvustuddu tungumálanámi kæmu einnig til greina:

- Gervigreindarhugbúnaður og snjallforrit í tungumálanámi.
- Gervigreindarkennslukerfi og sýndarnámsumhverfi í tungumálanámi.
- Gagnagreining á námsframvindu í sýndarnámsumhverfi.
- Mat á tungumálafærni nemenda og notendagögn.
- Opin annarsmálsnámskeið og greining notendagagna.
- Tölvuleikir og snjalllausnir í tölvustuddu tungumálanámi.
- Snjalllausnir við endurgjöf í tölvustuddu tungumálanámi.
- Fjölnotendanetspunaleikir og tungumálanám.
- Hagnýting kennslufræði og not gervigreindar í tölvustuddu tungumálanámi.
- Þemu sem tengjast tölvustuddu tungumálanámi.

Skil á ágripum

Ágrip (500 orð að hámarki) skal senda inn í gegnum OpenConf-kerfi frá 15. desember 2021 til 15. feb. 2022: <https://www.openconf.org/EUROCALL2022/author/submit.php>.

Hægt er að senda inn tillögur að ágripum vegna ráðstefnugreina, málþings, evrópskra samvinnuverkefna, veggspjalda og kynninga á vinnustofum (haldnar á netinu áður en ráðstefnan byrjar).

1. Ráðstefnugreinar

Kynning á greinum á að vera 20 mínútna löng (15 mín. kynning auk 5 mín. fyrir spurningar/umæðu).

Hægt er að senda inn ágrip af þrenns konar greinum:

1. Með áherslu á rannsóknarefni sem hafa hagnýtt samfélagslegt gildi. Rökstuðningur og stutt yfirlit rannsóknar skulu fylgja. Hagnýtar og fræðilegar rannsóknir eiga við hér.
2. Um þróunarverkefni með áherslu á t.d. þróun kennslufræði, forrita og tækja sem styðja við gervigreind og tölvustudda tungumálakennslu. Greinar sem fjalla um nýjar rannsóknir og hagnýtt gildi þeirra og einnig hvernig hægt er að bæta kennsluaðferðir í tungumálakennslu.
3. Um námsmat og forprófun tóla og tækja fyrir tungumálakennslu í margvíslegu umhverfi. Greina skal til dæmis frá því hvernig nemendur og kennarar nota mismunandi tól og tæki í kennslu, hvernig kerfið metur árangur þeirra, hvernig tól og tæki aðstoða nemendur við að ná árangri og hvaða aðferðir kennarar nota í tölvustuddri málakennslu.

2. Málþing

Málþingið er sett saman af þremur eða fjórum kynningum á ráðstefnugreinum sem fjalla um sameiginleg þemu. Lengd hverrar kynningar skal vera um 10–15 mínútur. Sá sem sækir um málþingið skal einnig vera skipuleggjandi þess og tengiliður milli þátttakenda á málþinginu og skipuleggjenda ráðstefnunnar EUROCALL 2022. Þema hvers málþings skal tengjast þemum ráðstefnunnar. Pallborðsumræður skulu vera að hámarki 60 mínútur og þátttakendur skipta með sér úthlutuðum tíma.

3. Evrópsk samvinnuverkefni

Boðið er upp á pallborðsumræður þar sem hægt er að kynna ýmis verkefni sem eru studd af Evrópusambandinu. Hver kynning ásamt umræðutíma má vera 30 mínútur. Ágrip tengd evrópskum verkefnum á að senda inn í gegnum OpenConf-kerfið (<https://www.openconf.org/EUROCALL2022/author/submit.php>).

4. Veggspjöld

Veggspjöld varða stuttar og myndrænar kynningar á rannsóknarverkefnum, verkefnum í vinnslu, þróunarverkefnum eða fræðilegum ritgerðum, s.s loka-, meistara- og doktorsverkefnum. Efni þeirra á að beinast að fjölbreyttum hópi ráðstefnugesta sem hefur

áhuga á kennslu tungumála með aðstoð tölva. Háskólanemendur eru sérstaklega hvattir til að senda inn ágríp sem varða verkefni þeirra. Tvenns konar verðlaun verða veitt í viðurkenningarskyni til nemenda vegna framúrskarandi verkefna: meistara- eða doktorsverkefna og annarra rannsóknarverkefna.

5. Vinnustofur

Vinnustofur verða haldnar á rafrænu formi á netinu daginn fyrir ráðstefnuna; hámarkslengd er 90 mínútur. Hægt er að skipuleggja tvær vinnustofur ef tími einnar vinnustofu dugar ekki; í þeim tilvikum verður að gæta þess í skipulagi að þátttakendur geti sótt báðar vinnustofurnar í heild eða aðra þeirra. Vinnustofurnar eiga að hafa hagnýtt gildi og veita fræðslu um nýjustu tæki og aðferðir á sviði tölvustudds tungumálanáms og gervigreindar.

Tillögur að vinnustofum skal senda inn á OpenConf-kerfi (500 orð að hámarki) með eftirfarandi upplýsingum: Þema og heiti vinnustofu auk nafna skipuleggjenda og stofnunar sem þeir heyra undir.

Um snið ágripa

Sendu skal ágríp af hvers konar kynningum á OpenConf-kerfi en þau þurfa að taka mið af þeimum ráðstefnunnar sem eru kynnt hér ofar. Hámarksorðafjöldi er 500 fyrir utan upplýsingar um titil erindis, nöfn og stofnun.

Hvernig skal senda inn ágríp?

Ágríp skal senda inn á OpenConf-kerfi:

<https://www.openconf.org/EUROCALL2022/author/submit.php>.

Hafa samband

Allar fyrirspurnir um ráðstefnuna skal senda til international@arnastofnun.is með yfirskriftinni „EUROCALL 2022“.